

# Fundargerð

Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri,  
þriðjudaginn 12. nóvember 2024 kl. 17:00

Mætt: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Hilmar Friðjónsson, Sigríður Stefánsdóttir, Konráð K. Baldvinsson, Kristjana Valgeirsdóttir, Eva Hrund Einarsdóttir.

Boðuð forföll: Kári Fannar Lárusson, Jón Baldvin Hannesson, Kristín Helga Schiöth  
Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

**1. Fjárhagsáætlun 2025.**

Haldið var áfram umræðu frá síðasta fundi.

Lára Hafberg aðalbókari tengdist fundinum í upphafi umræðu, gegnum teams, og tók þátt í umræðu um skiptingu sameiginlegs kostnaðar. Ingibjörgu falið að vinna það mál áfram.

Stjórnin samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

**2. Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2025.**

Deildarstjóri kynnti áætlunina, sem fylgja mun fjárhagsáætlun.

**3. Starfsreglur stjórnar.**

Haldið áfram umræðu frá síðasta fundi. Stjórnin samþykkir reglurnar með áornum breytingum.

**4. Samningur um húsaleigu við leigutaka í syðsta enda.**

Deildarstjóri lagði fram endurnýjaðan leigusamning við Top Dog Grooming & Pet Spa ehf frá næstu áramótum til eins árs. Stjórnin samþykkir samninginn.

**5. Þingeyjarsýsludeild, viðræður um hugsanlega sameiningu deilda.**

Í framhaldi af fyrirspurn sem formaður Þingeyjarsýsludeildar sendi hefur verið boðað til upplýsinga – og samráðsfundar, sem haldinn verður á Akureyri 14. nóvember.

**6. Önnur mál**

a) Kristín Björk kynnti Velferðarstjörnuna, sem er nú til sölu til fjáröflunar fyrir Velferðarsjóð Eyjafjarðarsvæðisins.

b) Fundur sem fyrirhugaður var 3. des mun frestast eitthvað.

Sigríður Stefánsdóttir ritaði fundargerð

